

Föstudaginn 30. jan. 1931.

Nr. 21/1930. Einar M. Jónasson (Sjálfur).

gegn

fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs,
Ólafi Jóhannessyni og Bergi Jónssyni.

(Stefán J. Stefánsson).

Uppboð.

Uppboðsgerðir Barðastrandarsýslu 17.
febr. 1930.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 5. dez. 1929, var þess krafizt af hálfu fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, að fasteignir áfrýjanda, fyrv. sýslumanns Einars M. Jónassonar, yrðu seldar á nauðungaruppboði, þar á meðal húseign hans á Patreksfirði ásamt tilheyrandi lóð og mannvirkjum, $\frac{1}{2}$ Nýjatún á Vatneyrarlandi og bátanaust á Geirseyri, en eignir þessar höfðu 6. júní sama ár verið teknar fjárnámi til lúkningar dómskuld til ríkissjóðs að upphæð 61,192,47 kr. auk vaxta og kostnaðar. Fór uppboðið á eignum þessum fram í uppboðsrétti Barðastrandarsýslu þ. 17. febr. f. á. og varð fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, hæstbjóðandi að húseigninni, Ólafur kaupmaður Jóhannesson að $\frac{1}{2}$ Nýjatúni og Pöntunarfélagið Patrekur að bátanaustinu og voru boð þeirra síðan samþykkt samkvæmt uppboðsskilmálunum.

Uppboði þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 8. apríl f. á., og hefir áfrýjandi stefnt fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, uppboðsráðandanum, Bergi sýslumanni Jónssyni og Ólafi kaupmanni Jóhannessyni. Hafa tveir hinir fyrst-

nefndu látið mæta í hæstarétti, en ekki hinn síðastnefndi, og hefir því málið verið rekið skriflega.

Áfrýjandi hefir í hæstarétti krafizt þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð og afsalsbréf þau, er gefin kunna að hafa verið út fyrir eignunum eftir uppboðið, verði dæmd ómerk og réttur áfrýjanda til eignanna viðurkenndur og loks, að hinir stefndu verði allir fyrir einn og einn fyrir alla eða hver þeirra um sig, dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir hæstarétti.

Þeir hinna stefndu, er hafa látið mæta, hafa hinsvegar krafizt, að uppboðið verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað.

Eins og þegar er getið, er Pöntunarfélaginu Patrekur, er varð hæstbjóðandi að bátanausti því, er selt var á hinu áfrýjaða uppboði, eigi stefnt í máli þessu og taka þó kröfur áfrýjanda einnig til sölu naustsins. Verður því ex officio að vísa málinu frá hæstarétti að því, er sölu nausts þessa snertir.

Áfrýjandi byggir kröfu sína um ómerkingu uppboðsins á því, að þeir, sem mættu á uppboðinu og buðu hæst í eignirnar, hafi ekki undirritað uppboðsbókina, að uppboðið hafi ekki verið auglýst og tilkynnt lögum samkvæmt og hafi uppboðsráðandi orðið þess valdandi, að umboðsmaður áfrýjanda hafi ekki mætt á uppboðinu, og loks, að uppboðsbeiðni, uppboðsauglýsing og uppboðsskilmálar sé hvað á móti-öðru, en uppboðsbeiðnin ein í samræmi við fjárnámið.

En ekkert af þessu hefir við rök að styðjast. Uppboðsgerðin ber það með sér, að uppboðsráðandi og uppboðsvottarnir hafa undirritað uppboðsbókina og getur það ekki varðað ómerkingu, að hæstbjóðend-

ur hafa ekki einnig ritað nöfn sín undir hana, enda er það ekki véfengt, að uppboðsgerðin hermi rétt það, er fór fram á uppboðinu. Að því, er snertir auglýsingu uppboðsins, þá er það í skjölum málsins upplýst, að það hefir verið auglýst þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, í fyrsta sinni 27. dez. 1929, eða meira en 6 vikum áður en uppboðið fór fram, og að uppboðsráðandi hefir þann dag sent áfrýjanda tilkynningu um það, og hefir þannig ákvæðum l. nr. 23, 7. maí 1928 verið fullnægt. Og eigi verður það heldur séð af skjölum málsins, að uppboðsráðandi hafi á annan hátt orðið þess valdandi, að umboðsmaður áfrýjanda mætti ekki á uppboðinu til þess að gæta réttar hans þar, og verður því uppboðsráðanda ekki um það kennt, að eignirnar seldust lægra verði en áfrýjandi telur sannvirði þeirra hafa verið. Loks er það ekki rétt hermt hjá áfrýjanda, að ósamræmi sé milli uppboðsbeiðni, auglýsingarinnar og söluskilmálanna, og á uppboðinu eru yfirleitt engir þeir gallar, er varðað geti ómerkingu þess.

Það ber því að staðfesta hina áfrýjuðu uppboðsgerð og verður þá jafnframt að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti til þeirra hinna stefndu, er hafa látið mæta, og ákveðst hann 100 kr. til hvors þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Að því, er snertir sölu bátanausts áfrýjanda á Geirseyri, vísast máli þessu frá hæstarétti, en að öðru leyti skal hinni áfrýjuðu uppboðsgerð óraskað.

Áfrýjandinn, Einar M. Jónasson, greiði fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs og Bergi sýslu-

manni Jónssyni 100 kr. hvorum í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. jan. 1931.

Nr. 4/1930. **Símon Guðmundsson**

gegn

**Helga Benediktssyni, f. h. verzlunar-
félags Vestmannaeyja.**

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, *Símon Guðmundsson*, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, *Helga Benediktssyni*, f. h. verzlunarfélags Vestmannaeyja, er hefir látið mæta í málinu 75 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. jan. 1931.

Nr. 92/1930. **Jón Ólafsson**

gegn

Ingólfi Árnasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, *Jón Ólafsson*, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, *Ingólfi Árnasyni*, er